

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

NÓVEMBER 2009

11. tbl. 16. árg.



S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðarvogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Slökkvitækjaþjónustan

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!



SUPERSUB
Nýbylavegi

Fjölskylduveisla
matur fyrir 4 með gosi
4x ís með dýfu

3490- kr.

Rennbraut
og
Boltaland



Nemendur í Fellaskóla syngja undir stjórn Guðna Franzonar við upphaf lestrarátaksins.

„Lesum enn meira saman“ - tilraunaverkefni ýtt úr vör í Fellaskóla

Átaksverkefninu „Lesum enn meira saman“ var ýtt úr vör í Fellaskóla á Breiðholtsdögum. Verkefninu er ætlað að auka áhuga grunnskólanema á lestri, örva málvitund þeirra og lestrarhæfni.

Hugmyndin kviknaði í Menntaráði Reykjavíkurborgar og er unnið að verkefninu í fleiri skólum í Reykjavík en útfærsla þess er mismunandi frá einum skóla til annars. Í Fellaskóla er verkefnið unnið í samstarfi við Félagsstarf eldri borgara í Gerðubergi og hefur það

verðið útfært með þeim hætti að eldri borgarar munu heimsækja skólann og lesa fyrir nemendur.

Verkefnið hófst í Fellaskóla með því að nemendur komu saman í hátíðasal og sungu nokkur gömul lög og ný undir stjórn Guðna Franzonar, tónlistarmanns en Guðni kennir, ásamt fleirum tónmennt við skólann. Aðrir sem heiðruðu þessa samveru í Fellaskóla voru: Kjartan Magnússon, formaður fræðsluráðs Reykjavíkur, Ragnar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri menntasviðs, Marta Guðjónsdóttir, varaborgar-

fulltrú, Þorsteinn Hjartarson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Þorgrímur Þráinsson rithöfundur en hann hafði fyrir um morguninn lesið úr bók sinni NÚLL NÚLL 9 fyrir nemendur í 8 bekk. Að loknum söng á sal fóru nemendur hverjir til sinna kennslustofa og Gunnar Eyjólfsson, leikari hóf lestrarátakið með upplestri úr bókinni „Elsku besta Binna mín“ eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttir fyrir nemendur í fjórða bekk. Nánar er fjallað um lestrarátakið á bls. 6.

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



**Big
papas
pizza**

Mjódd
800-9999

**Opið
16 - 22**

bigpapas.is

Fullt af tilboðum
Besta verðið
Frábærar pissur
100% Ísl. ostur



Apótekið í Hólagarði er opið:
mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14

 **Apótekið**
lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

Útsala á folaldakjöti
Ísfugls-kjúklingabringur 30% afsláttur
Blóðmör ósoðin kr. 449 kg. / Lifrapylsa ósoðin kr. 498 kg.

 **Pín verslun**
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

*Eina kjötbörðið
í Breiðholti*

**gæði
úrval
þjónusta**

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.
Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Íslandspóstur


11. tbl. 16. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Afbrotum fækkar í Breiðholti

Stefán Eiríksson lögreglustjóri höfuðborgarasvæðisins og fleiri aðilar úr lögreglulíði þess áttu fund í Þjónustumiðstöð Breiðholts í síðasta mánuði þar sem farið var yfir þróun brotamála í Breiðholti og rætt um samstarfið Þjónustumiðstöðvar og lögreglunnar. Um þrjátíu manns sátu fundinn en þar kom fram að þegar tekið er mið af þróun brota undanfarin ár horfir nú til betri vegar í hverfinu.

Heimir Ríkarðsson, lögreglufulltrúi, sem starfaði á Breiðholtsstöðinni fyrir þær skipulagsbreytingar sem nú hafa orðið á lögreglumálum höfuðborgarsvæðisins sagði á fundinum að á síðasta ári hafi bæði ofbeldis- og fíkniefnabrotum fækkað í Breiðholti í samanburði við árin þar á undan. Eignaspjöllum hafi einnig fækkað á sama tímabili og nánast jafnmörg innbrot hafi verið fram- in árið 2008 voru framin og árið 2007. Fyrstu níu mánuði þessa árs hafi innbrotum í Breiðholti fjölgað í samanburði við sömu mánuði í fyrra en um sömu þróun hafi verið að ræða og almennt hafi átt sér stað á höfuðborgarsvæðinu. Því skeri Breiðholtið sig engan veginn úr hvað þetta snerti. Nokkrar umræður urðu á fundinum um skipulagsbreytingar lögreglunnar og lýstu sumir fundarmenn áhyggjum sínum af minni hverfislöggæslu. Stefán Eiríksson, lögreglustjóri lagði áherslu á að hún ætti þvert á móti að eflast á næstunni. Voru fundarmenn sam- mála um að hið góða samstarf við lögregluna þyrfti að halda áfram



Stefán Eiríksson, lögreglustjóri með mönnum sínum á fundinum í Þjónustumiðstöð Breiðholts á dögunum.

og því vildu fundarmenn gefa fylgjast með þróun mála á næstu þessu nýja skipulagi tækifæri og mánuðum.

Styrkur Breiðholtsins

Breiðholtsdagarnir heppnuðust með ágætum. Sjaldan hafa verið fleiri viðburðir verið í boði í Breiðholti og aðsóknin var meiri en áður hefur sést. Breiðholtdagarnir ber glögg merki um það mikla félagsstarf sem þróast hefur á ýmsum sviðum í Breiðholti á undanförunum árum og á það við um allar kynslóðir íbúa – allt frá þeim yngstu til hinna elstu. Þetta öfluga félagsstarf er liður í að efla byggðavitund í þessu stærsta samfélagi innan Reykjavíkurborgar. Byggðarlagið varð til með nokkuð sérstökum hætti. Um einskonar átaksverkefni var að ræða með áherslu á að bæta húsakost Reykvik- inga sem var bágborinn í sumum tilvikum allt fram á sjöunda tug lið- innar aldar. Byggðin reis einnig utan þess ramma sem umlukið hafði hina hefðbundnu Reykjavík og átti enga landfræðilega snertifleti við hana eins og önnur hverfi sem áður höfðu risið. Bygging Breiðholts- ins var því ekki eingöngu átaksverkefni í nýjum skilningi heldur einnig einskonar félagsfræðileg tilraun þar sem reynt var að reisa nýja byggð frá grunni á eylltið öðrum forsendum en áður hafði þekkt. Þetta hafði bæði neikvæð og jákvæði áhrif í fyrstu. Byggðin átti sín mótun- arár – bæði sem byggingarsvæði mannvirkja og mannlífs en eftir því sem árin hafa liðið er ljóst að þessi tilraun hefur tekist með ágætum. Breiðholtsdagarnir eru öðru fremur til vitnis um það fjölbreytta og öfluga mannlíf sem hefur mótast í Breiðholti í 40 ára sögu þess. Þeir sýna styrk byggðarinnar.

Breiðholtið stjórnsýslueining?

Nú er unnið að hugmyndum um að efla sveitarstjórnarstigið. Hluti þess felst í að flytja verkefni frá ríkinu til sveitarfélag- anna. Fyrsta stóra verkefnið sem flutt var frá ríki til sveitarfé- laga var rekstur grunnskólans og nú er fyrirhugað að flytja alla þjón- ustu við fatlaða og öldrunarþjónustu til sveitarfélaganna. Um flutning framhaldsskólans hefur verið rætt þótt það mál sé mun skemmra á veg komið og hugmyndir ekki verið mótaðar um hvernig eða hvenær af því myndi geta orðið. Undirstaða slíkra flutninga er að fjármunir fylgi frá ríkinu til sveitarfélaganna vegna þeirra og einnig að sveitar- félögin verði að öðru leyti fær um að sinna þessum verkefni. Í þessu sambandi er því einnig rætt um að fækka sveitarfélögum – að sam- eina þau til þess að mynda öflugir rekstrar- og þjónustueiningar. Þótt sameiningar eigi einkum við um landsbyggðina þar sem enn eru mörg mjög fámenn sveitarfélag er ljóst að til lengri tíma lítið verði einnig um sameiningar sveitarfélaga að ræða á höfuðborgarsvæðinu – jafn- vel að það verði allt gert að einu sveitarfélagi. Verði slíkt að veruleika má líklegt teljast að í slíku sveitarfélagi yrði stjórnaritari þannig hátt- að að þar yrði ein yfirborgarstjórn sem sinnti stefnumótum og bæri ábyrgð á fjárhagáætlunum en síðan yrði hverfisstjórnnum, sem jafnvel yrði kjörið til í kosningum jafnframt aðalborgarstjórnarkosningum, fengin framkvæmd þjónustuverkefna gagnvart borgurunum. Í slíku sveitarfélagi yrði Breiðholtið kjörin og raunar sjálfsögð undirstjórn- sýslueining. Byggðin er af kjörinni stærð, landfræðilega afmörkuð og innan hennar hefur mótast gróin byggðavitung. Spurning er því hvort Breiðholtið muni verða stjórnsýslueining í framtíðinni.



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Eli Rúnarsson



Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110 & 893 8638

www.utfarir.is • runar@utfarir.is



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990



Breiðholtsblaðið
borgarblod.is
borgarblod@simnet.is

Stefnumót 2030

Mitt Breiðholt - mín borg

Opið hús um framtíðarskipulag í hverfinu þínu

Opið hús í Breiðholtsskóla, fimmtud. 19. nóvember, kl. 17.00 - 18.30



Umræður um framtíðarskipulag í þínu hverfi
Vinnuhópar með aðferðum Air Opera.

Júlíus Vífill Ingvarsson formaður skipulagsráðs
kynnir stuttlega vinnu við nýtt aðalskipulag áður
en umræður hefjast.

Hugmyndasmiðja

Hugmynda- og teiknivinna með ungum arkitektum.

Vinnustofa fyrir börn

Undir stjórn Myndlistaskólans í Reykjavík.

www.adalskipulag.is



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið



NÝTT
AÐALSKIPULAG
REYKJAVÍK 2030



Hvað skyldi ég fá í jólagjöf?



Stekkjarbakka 6 | sími 540 3300 | www.gardheimar.is

VIDTALIÐ

Breiðholtið er sérstakt

Birna G. Bjarnleifsdóttir, húsmóðir í Breiðholti, hlaut heiðursviðurkenningu á nýliðnum Breiðholtsdögum fyrir að hafa verið í fararbroddi um árabíl í Breiðholti. Birna er ein af frumbyggjum þessa borgarhluta og hefur einnig kynnt sér sögu Breiðholtsins og ekki síst gamla Breiðholtsbæjarins þar sem hún hefur bæði safnað upplýsingum og miðlað þeim við ýmis tækifæri.

Birna var í bygginganefnd Breiðholtskirkju á sínum tíma og hefur um langt árabíl komið að félags- og framfaramálum í Breiðholti. Breiðholtsblaðið spjallaði við Birnu í tilefni af viðurkenningunni og störfum hennar í Breiðholtinu í gegnum tíðina.

Minn karl er skeggjaður

“Við hjónin fluttum í Breiðholtið í desember 1969. Þá þegar voru margar fjölskyldur fluttar í hverfið og fyrsti hluti þess, Stekkja- og Bakkahverfi, var næstum fullbyggður,” segir Birna G. Bjarnleifsdóttir, þegar hún var búin að koma sér fyrir í betri stofunni hjá Guðrúnu Jónsdóttur, forstöðumanni félagsstarfsins í Gerðubergi. “Við vorum búin að fá raðhúsaloð í Fossvogi, en svo frétti maðurinn minn af lausri einbýlishúsaloð í Stekkjunum. Fjölskyldunni, sem hafði skilað þeirri lóð, leist ekki nógu vel á hana vegna þess að mjög stór steinn var á miðri lóðinni þar sem húsið átti að rísa. En manninum mínum tókst einfaldlega að draga steininn á annan stað á lóðinni þar sem hann hefur staðið síðan, þ.e.a.s steinninn. Kona nokkur, sem oft átti leið framhjá steininum, þegar hún var á leið til og frá vinnu, sagði mér að hún sæi oft blátt ský svífa yfir honum og sagði einhverju sinni við mig að ég mætti ekki láta krakkana klífra á steininum. Hún virtist vera alveg viss um að í steininum byggju álfar. Annar fallegur steinn er á húsaloð í nálægri götu, en á framhlið þess steins sést mynstur af karli, sem er sibrosandi og ánægður með lífið. Minn karl brosir að vísu smávegis, en hann er mjög skeggjaður.”

Horfði á skemmtiferðaskipin koma

“Nei – ég er ekki Reykvíkingur. Ég er að vestan. Frá Ísafirði. Ég lauk landsprófi frá Gagnfræðaskólanum þar þegar ég var 14 ára og fór svo suður þá um haustið.



Birna G. Bjarnleifsdóttir tekur við heiðursviðurkenningu fyrir að hafa verið í fararbroddi um árabíl í Breiðholti. Með henni á myndinni eru Þorsteinn Hjartarson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.

Margir skólafélaganna fóru hins vegar til Akureyrar til frekara náms, en ég fór Verslunarskólann í Reykjavík. Í útskriftarferðalaginu nokkrum árum síðar kom til mín einn af strákunum í þekknunum og bauð mér súkkulaði. Ég þáði það með þökkum og ákvað síðar að giftast honum. Þegar ég fór síðan að vinna á skrifstofu í miðbænum, ekki langt frá höfninni, sá ég oft út um gluggann þegar skemmtiferðaskip komu með erlenda ferðamenn. Þau stærri gátu ekki lagst að hafnarbakkanum og farþegar voru því ferjaðir í land þar sem leiðsögumenn komu og tóku á móti þeim. Þegar ég horfði á þetta út um gluggann, hugsaði ég oft með mér að það hlyti að vera skemmtilegt starf að vera leiðsögumaður ferðamanna. Ég áttaði mig ekki alveg á hversu erfið þessi vinna er og auk þess illa launuð. Svo gerðist það að ég sá auglýst námskeið fyrir leiðsögumenn hjá Ferðaskrifstofu ríkisins. Vigdís Finnbogadóttir, síðar forseti, Björn Þorsteinsson, sagnfræðingur, og Ásta Stefánsdóttir, kennari, önnuðust þessi námskeið. Mér skilst

að fyrstu námskeiðin hjá þeim hafi byrjað árið 1960 og ég fór á námskeið hjá þeim nokkrum árum síðar. En þar sem við hjónin voru komin með tvær dætur var það ekki talið beint æskilegt á þessum tíma að húsmóðirin ynni utan heimilisins og allra síst að hún væri einhvers staðar utan bæjar og jafnvel í nokkra daga samfellt á ferðalagi út um allt land.”

Ekki hægt að “gúgla”

En það var ekki aftur snúið og ég fór aftur á leiðsögunámskeið nokkrum árum síðar, en fór þó mjög sjaldan í langar ferðir sem leiðsögumaður, aðallega bara dagsferðir til að geta sinnt fjölskyldunni. Þegar lögum Ferðaskrifstofu ríkisins var breytt árið 1976 voru námskeiðin færð yfir til Ferðamálaráðs, sem þá var nýstofnað. Þá var ég beðin að taka þessi námskeið að mér og ég starfaði við þau allt til vorsins 2002. Fyrst sinnti leiðsögumannsstarfinu smávegis á sumrin, en vann síðan alfaríð í Leiðsöguskóla Íslands. Starf mitt þar fólst einkum í að skipu-

leggja námið samkvæmt reglugerð, útvega kennara og ekki síður kennslugögn, en ekki var mikið til af þeim á þessum tíma. Þá voru tölvurnar ekki komnar og ekki hægt að “gúgla” alls konar fróðleik eins og nú.

Breiðholtið hefur mikla sérstöðu

“Ja – ástæðan fyrir því að ég fór að grúska svolítið um sögu Breiðholtsins var sú að einu sinni birtist auglýsing um að Jón Björnsson, landslagsarkitekt, myndi halda fund um hverfið á bæjarstæði gamla Breiðholtsbæjarins. Hann hafði keypt erfðafestu úr landi bæjarins og ætlaði að byggja þar einbýlishús. Nokkrum nágrönnum hans fannst að húsið yrði of hátt og þar með skyggja á útsýnið til Esjunnar. Eftir að hafa hlustað á Jón á þessum útifundi fór ég að grúska enn frekar. Ég fann t.d. viðtöl sem Ólafur Torfason átti við fyrrverandi ábúendur í Breiðholtsbænum. Einnig fann ég lítinn bækling, sem Jón Böðvarsson tók saman m.a. um örnefni í Breiðholti

og margt fleira. Árbæjarsafn hefur líka margar upplýsingar.”

Jökulheimar og Vindheimar

“Þegar hverfin þrjú í Breiðholti voru að byggjast var stundum talið að um þau á neikvæðan hátt t.d. sagt að þar væru Jökulheimar af því að húsin yrðu svo hátt yfir sjávarmál. Byggðin við Kríuhóla og þar í kring var kölluð Vindheimar af því að sumir héldu að þar yrði svo kalt og vindasamt. Fólk áttaði sig ekki á að það er einmitt Esjan sem skýlir hverfinu fyrir norðan-átt. Ég held að umræða af þessu tagi fylgi oft uppbyggingu nýrra hverfa að einhverju leyti. Um það bil 10 árum áður, þegar Smáibúðahverfið var t.d. í uppbyggingu, kölluðu sumir það Casa Blanca og var það notað í neikvæðri merkingu. Uppbyggingu í Breiðholti má rekja til samþykkis borgarstjórnar og félagasamtaka frá árinu 1965 um að reisa nýtt íbúahverfi í Reykjavík þar sem nokkur fólksfjöldun hafði átt sér stað í borginni og skortur var á nýju húsnæði.” Birna segir að erfiðleikar fyrstu íbúanna hafi t.d. verið þeir að í fyrstunni gekk strætisvagninn aðeins á klukkutíma fresti og hvorki aðstaða fyrir sund né fundi í hverfinu. Skólakrakkarnir þurftu t.d. að fara með Strætó niður í sundhöll til að læra að synda. Þetta er liðin tíð og nú er farið að byggja þjónustuna hraðar upp en þegar Breiðholtið var í byggingu. Fólk finnur því minna fyrir frumbýlingsaðstæðunum hvað þetta snertir. Hún segir að í sér finnist Breiðholtið hafa dafnað vel. Bæði mannlíf og gróður hefur vaxið umfram björtustu vonir. Íbúatala hverfisins er nú komin yfir 20 þúsund.”

Ein kirkja átti að duga

Eitt af því sem Birna kom að var stofnun Kvenfélags Breiðholts og bygging Breiðholtskirkju. “Það byrjaði með því að við komum saman nokkrar konur úr hverfinu með það fyrir augum að stofna eins konar hverfissamtök. Þá höfðum við aðallega í huga að hverfisbúar þyrftu ekki að leita langt yfir skammt. Engin fundaaðstaða var í hverfinu svo að við fengum leyfi til að halda fund í anddyri Breiðholtsskóla. Við buðum framkvæmdastjóra Strætó á fund og spurðum hvort ekki væri hægt að fjölga strætisvagnaferðum. Við spurðum líka hjá Reykjavíkurborg hvort ekki væri hægt að færa úr

VETUR 2009-2010

UPPLÝSINGAVEFUR FYRIR ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDASTARF Í REYKJAVÍK



Hefur þú kynnt þér hvað er í boði fyrir börn og unglinga í borginni?

Á vefsíðu ITR er að finna á annað hundrað aðila að Frístundakortinu.

www.itr.is



ÍTR · Bæjarhálsi 1 · 110 Reykjavík · Sími 411-5000 · www.itr.is · itr@itr.is

Winter activities in the city for children and teenagers: have you acquainted yourself with what is being offered? There are nearly 200 sponsors to the Leisure Card, which may be found at ITR's website www.itr.is. (The Department of Sports and Leisure)

Actividades invernales en la ciudad para niños y adolescentes: ¿se ha familiarizado usted con lo que se está ofreciendo? Hay cerca de 200 patrocinadores de la Tarjeta de Ocio, que puede encontrar en la página web de ITR www.itr.is. (El Departamento de Deportes y Ocio)

Zajęcia zimowe w mieście dla dzieci i nastolatków: czy zapoznaliście się z ofertą? Jest prawie 200 sponsorów karty rekreacyjnej, których można znaleźć na stronie ITR www.itr.is. (Wydział Sportu i Rekreacji)

กิจกรรมงานฤดูหนาวในเมืองสำหรับเด็กและวัยรุ่น: คุณเคยรู้จักกับกิจกรรมที่เรากำลังเสนอด้วยตัวของคุณเองแล้วหรือไม่ว่ ซึ่งมีผู้ให้การสนับสนุนสำหรับบัตรกิจกรรมนี้หน่นหาการันเกือบ 200 ราย ที่ซึ่งคุณสามารถค้นหาข้อมูลข่าวสาร "ดที่เว็บไซต์ www.itr.is ของ ITR (แผนกกีฬาและการนันทนาการ)



stað nokkur stórgrýti í gryfju nokkurri fyrir neðan Stekkjarbakka svo að þar gæti myndast náttúrulegt skautasvell fyrir börnin okkar á veturna í stað þess að þau þyrftu að fara með strætó til að fara á skauta niður á Tjörn. Við höldum áfram að hittast og þar sem það voru nær eingöngu konur, sem komu, ætluðum við að kalla félagið Holtasóleyjar með tilvísun í holtin sem mynduðu það landslag sem Breiðholtið er mótað af. Að endingu var þó ákveðið að nefna félagið Kvenfélag Breiðholts. Svo gerist það að ein úr hópnum okkar verður óvænt á vegi Sigurbjörns Einarssonar, biskups Íslands. Þá var hverfið að vaxa, en engin kirkja var þar, en íbúarnir áttu kirkjusókn í Bústaðahverfið. Hún stingur þeirri hugmynd að biskupi hvort ekki væri kominn tími til að huga að kirkjubyggingu í ört stækkandi íbúabyggð í Breiðholti. Nokkru síðar kom fram sú hugmynd að byggja eina kirkju fyrir öll þrjú hverfin í Breiðholti og átti hún að standa þar sem nú er Bensinstöðin Select. Síðan var því breytt og eru nú þrjár þjóðkirkjur í þessum þremur hverfum og einnig kaþólska Mar-

íukirkjan. Fyrst var stofnuð Breiðholtssókn árið 1972. Fellasókn var stofnuð nokkrum árum síðar og Hólabrekkusókn árið 1987. Seljasókn var stofnuð árið 1980 og Maríukirkjan var opnuð 1985.

Breiðholtið er sérstakt

“Ég hef orðið vör við mikinn áhuga fólks á að fræðast um gamla Breiðholtsbæinn,” segir Birna. “Hann var lengi lokaður af með háum trjám og gaddavír svo að engin leið var að sjá rústir gamla torfbæjarins frá göngustígnum. Ég skrifaði þá grein í Breiðholtsblaðið, sem ég kallaði “Lok lok og læs og allt í stáli”. En auðvitað var þetta afskiptasemi í mér eins og venjulega.” Birna kveðst ekki geta látið af tali um Breiðholtið án þess að minnast á Elliðaárdalinn. “Hann er ekki einungis stórkostlegt útivistarsvæði. Hann geymir einnig miklar heimildir um landmótun. Fyrir um tíu þúsund árum kom mikið hlýindaskeið, sennilega svipað því sem nú er að byrja. Þá hækkaði svo í sjónum að hann myndaði eins konar fjörð sem náði alla leið upp að Höfðabakkabrú. Rétt fyrir neð-

an félagsheimili Rafveitunnar má sjá mjög gömul öskulög, sennilega svokallað landnámslag. Frá Höfðabakkabrúnni má sjá hvernig Leita-hraunið, sem rann fyrir um fimm þúsund árum, klauf Elliðaárnar í kvíslar. Hraun þetta rann frá gíg

skammt frá Bláfjöllum og myndaði m.a. Rauðhólana. Og ekki er annað hægt en að nefna Esjuna, sem skýlir okkur Breiðhyllingum fyrir norðan-áttinni og er auk þess svo falleg og margbreytileg. Útlendingum, sem hingað koma, finnst alveg ótrúlegt

að sjá snjó í Esjunni á sumrin. Þeir vilja helst geta verið hér fram á haust til að fylgjast með því hvort snjórinn bráðni ekki í Gunnlaugs-skardi áður en vetur gengur í garð. Með sanni má segja að Breiðholtið sé alveg einstakt hverfi.”

Hannyrðabrautin með tískusýningu

Hannyrðabrautin í FB efnir til tískusýningar í nýja sal fjölbrautaskólans fimmtudaginn 26. nóvember n.k kl 20:30. Þessar sýningar hafa ávallt mjög glæsilegar og þess má vænta að þar komi fram nýjungar að vanda. Ljóst er að áhugi á hverskonar hönnun fer vaxandi hér á landi og eru fót og klæði þar alls ekki undanskilin. Breiðhyllingar ættu að fjölmenna í FB og sjá með eigin augum við hvað nemandur eru að fást á þessari áhuga-verðu braut í skólastarfinu.



Toyota Kópavogi Verkstæði Skemmuvegi

Toyota þjónusta í þínu nágrenni
Engar tímapantanir í smurþjónustu
og minni viðgerðir

Rúðuvökví og perur fylgja allri þjónustu*
Kaffi, kakó og vinarbrauð á meðan þú bíður

*Gildir til 1. jan 2010. Eingöngu skipt um ónýtar perur (á ekki við um Xenon perur)

Toyota Kópavogi, Verkstæði Skemmuvegi
Skemmuvegur 16, blá gata, Sími: 570-5241
www.toyota.is

Today Tomorrow Toyota

HÓLAGARÐUR

Apótekið
lægra verð

BÓNUSVÍDEÓ
Leigan í þínu hverfi

fætur & fegurð
HÓLAGARÐI - LÓUHÓLUM 2-4
Sími 557-5959



Boltinn í beinni

S: 567 8444
Krá • Sportbar
Smurbrauðstofa • Snittur
Gullnáman

reinn
efnalaug & þvottahús
síðan 1975

YR
HÁRSNYRTISTOFAN
HÓLAGARÐI
Sími 557 2653

Gjafavörur, snyrtivörur og fylgihlutir í úr vali
Snyrtivöruverlsunin
Manar
Sími: 557 1644

Vönduð tískuföt á góðu verði
Stærðir 36 - 50
Vefta
Tískuföt
Hólagarði - 557 20 10
www.vefta.is

NAGLA FEGURÐ
Naglastofa ■ Skóli ■ www.naglafegurð.is

Sportvörur • Leikföng • Rífföng
Leiksport
Hólagarði
Sími: 557 5020

BONUS
býðni betur



Englar og rósir

Mánud. – miðvikud.
kl. 12 – 18:30
Fimmtud - Laugard.
kl. 10 – 21:00
Sunnudaga
kl. 10 – 18:00

Breiðholtsdagar:



Brynjar Fransson, formaður hverfisráðs Breiðholts afhendir Hrefnu Sigurðardóttur framkvæmdastjóra Skógarbæjar umhverfisviðurkenningu fyrir fagurt og snyrtilegt umhverfi.

Fimm umhverfisviðurkenningar veittar

Hverfisráð Breiðholts veitti fimm umhverfisviðurkenningar á Breiðholtsdögum. Brynjar Fransson, formaður ráðsins, afhenti fulltrúum húsfélaga og stofnana viðurkenningar fyrir fagurt umhverfi og snyrtilegt húsnæði.

Þeir sem hlutu viðurkenningar eru; Skógarbær, Árskógum 2 hlaut viðurkenningu fyrir fagurt og snyrtilegt umhverfi. Félags- og

þjónustumiðstöðin Árskógum 4 hlaut viðurkenningu fyrir fagurt og snyrtilegt umhverfi. Eyjabakki 1 til 15 hlaut viðurkenning fyrir gott viðhald á húsnæði sem og snyrtilegt og fagurt umhverfi. Asparfell 2 til 12 hlaut viðurkenning fyrir gott viðhald á húsnæði sem og snyrtilegt og fagurt umhverfi og Árskógar 6 til 8 hlaut viðurkenningu fyrir fagurt og snyrtilegt umhverfi.

Breiðholtsdagar settir í Hólabrekkuskóla

Breiðholtsdagar voru settir með hátíðarathöfn í sal Hólabrekkuskóla 19. október. Vina-bekkir skólans sátu saman á sal en eldri nemendur sáu um að sækja og fylgja þeim yngri. Hólmfríður G. Guðjónsdóttir bauð alla velkomna og Brynjar Fransson, formaður hverfisráðs, setti hátíðina formlega.

Nemendur í 2. bekk og 5. bekk Hólabrekkuskóla, sýndu skemmtilegan dans og tónlistaratriði Tónlistarsmiðjunnar, sem er valgrein í unglingadeild skólans, við mikla hrifningu. Nemendur Tónsmiðjunnar frumfluttu m.a. texta sem Guðmundur Mariásson, starfmaður Hólabrekkuskóla samdi við lagið „Vertu þú sjálfur“ eftir hljómsveitina SSSól en textinn var samin í tilefni Breiðholtsdaganna.



Nemendur Tónsmiðjunnar í Hólabrekkuskóla sýndu dans- og tónlistaratriði við setningu Breiðholtsdaga.

Að auka áhuga á lestri og örva málvitund

Eins og fram kemur í forsiðu frétt hér í blaðinu hefur sérstöku lestrarverkefni verið ýtt úr vör í Breiðholti. Verkefninu er ætlað að auka áhuga grunnskólanema á lestri, örva málvitund þeirra og lestrarhæfni. Hugmyndina að verkefninu átti Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi en hún á sæti í Menntaráði Reykjavíkurborgar. Unnið er að verkefninu í fleiri skólum í Reykjavík en útfærsla þess er mismunandi frá einum skóla til annars.

Í gegnum tíðina hefur skapast rík hefð fyrir góðu samstarfi Fellaskóla og Félagsstarfs eldri borgara í Gerðubergi og var verkefnið „Lesum enn meira saman“ mjög í anda þeirra samstarfsverkefna sem farið var af stað með í félagsstarfinu í Gerðubergi á sínum tíma undir verkefnaheitinu „Kynslóðir saman“. En þau verkefni miðuðu að því að leiða kynslóðir saman t.d. með því að nemendur og eldri borgarar spiluðu félagsvist saman, dönsuðu saman og sungu saman. „Það lá því beint við að taka upp samstarf, við Guðrúnu Jónsdóttur, forstöðumann félagsstarfsins og hennar fólk í þessu verkefni,“ segir Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla í samtali við Breiðholtsblaðið.

Ætlum að styrkja þetta starf í framtíðinni

„Við komumst fljótlega að því að best væri að vinna lestrarverkefnið með þeim hætti að eldri borgarar kæmu inni í skólann og læsu upp fyrir nemendur bækur eða bókarkafla eftir íslenska höfunda sem valdir væru af bókasafnsfræðingi Fellaskóla og umsjónarkennurum nemendahópsins. Guðrún kallaði í framhaldi af því saman hóp fólks sem var tilbúið til að takast þetta verkefni á hendur.“ Gert er ráð fyrir



Við upphafi lestrarverkefnisins. Að baki barnanna eru; Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður félagsstarfsins í Gerðubergi, Marta Guðjónsdóttir, varaborgarfulltrúi, Þórgímur Þráinsson, rithöfundur og Ragnar Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

að hver eldri borgari komi einu sinni yfir skólaárið í Fellaskóla til þess að lesa fyrir börnin. „Okkur skortir ekki mannskap og munum leitast við að styrkja þetta starf í framtíðinni,“ segir Guðrún. Þær Kristín og Guðrún segjast afskaplega ánægðar með hvernig til tókst við að hleypa þessu verkefni af stokkunum. „Við báðum Gunnar Eyjólfsson, leikara að hefja lesturinn en Gunnar er frábær upplesari og með áratuga reynslu í túlkun á texta. Í lok athafnarinnar á söngsalnum stóð Gunnar upp, þakkaði fyrir samkomuna og minnti nemendur í leiðinni á að byrja aldrei að reykja vegna þess að reykingar skemmdu lungun og okkur bæri að fara vel með þau“, sagði Guðrún. „Það var einkar ánægjulegt að hlýða á upplestur Gunnars og eftir því tekið hvað börnin hlustuðu með miklum áhuga og eftirtekt,“ segir Kristín. Þess má geta að Steinunn Einarsdóttir listamaður frá Vestmannaeyjum sem var með sýningu á verkum sínum á Gerðubergi á dögum hefur nú gefið Fellaskóla eitt verka sinna, sem hún nefnir „Kynslóðir



Gunnar Eyjólfsson, leikari les upp úr bókinni „Elsku besta Binna mín“ eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttir fyrir nemendur í fjórða bekk Fellaskóla.

saman“ til verkefnisins. Verkinu hefur verið komið fyrir við hátíðarsal Fellaskóla.

Sigurbjörg sýnir í Boganum

Sigurbjörg Sigurjónsdóttir opnaði myndlistarsýningu í Boganum í Gerðubergi 14. nóvember. Þetta er þriðja einkasýning Sigurbjargar og hún sýnir nú úrval fjölbreyttara verka sem hún hefur unnið að í gegnum tíðina og má þar nefna vatnslitamyndir, postulínsmyndir og munir, auk pastelmynda og olíuverka á striga.

Sigurbjörg er fædd í Reykjavík á kvennagagninu árið 1937. Hún hóf að sækja nám-

skeið hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík árið 1970 og stundaði þar kvöldnámskeið um 10 ára skeið.

Hún starfaði einnig um árabíl með hópi áhugafólks um myndlist sem kallaðist Myndlistarklúbbur Hvassaleitis. Um 1990 fór Sigurbjörg að kenna postulínsmálun, fyrst heima hjá sér en síðastliðin sjö ár hjá félagsstarfinu í Gerðubergi. Undanfarin ár hefur Sigurbjörg mest helgað sig málun á postulín auk vatnslitamálunnar.



Sigurbjörg Sigurjónsdóttir, myndlistarmaður.

Ekki borga

15.000 kr.
að óþörfu!

Þann 1. desember leggst 15.000 kr. vanrækslugjald á óskoðuð ökutæki með endastafinn 9 í númeri. Vegna mikillar aðsóknar í lok mánaðar er óvíst að hægt sé að sinna öllum skoðunarbeiðnum. Forðastu óþarfa kostnað og óþægindi með því að draga ekki fram á seinustu daga mánaðarins að fara með bílinn í skoðun.

Allir sem láta skoða bílinn fá rúðusköfu í kaupbæti. Gildir á meðan birgðir endast.

Skoðunarstöðvar:

Reykjavík
Skeifunni 5
Sími 590 6930

Hafnarfjörður
Hjallahrauni 4
(við Helluhraun)
Sími 590 6900

Kópavogur
Skemmuvegi 6
(bleik gata)
Sími 587 3344

Aðalskoðun

www.adalskodun.is

Fjórar heiðursviðurkenningar veittar á Breiðholtsdögum

Fjórar heiðursviðurkenningar voru veittar á Breiðholtsdögum að þessu sinni en hefð hefur skapast fyrir því að veita slíkar viðurkenningar til aðila sem hafa unnið gott starf í þágu umhverfis og mannlífs í Breiðholti. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar afhenti viðurkenningarar að þessu sinni en þær voru veittar fyrir tónlistarlíf, umhverfismál, verslunarstörf og ýmis störf í þágu Breiðholts á borð við söfnun heimilda um sögu Breiðholtsins og ýmis framfaramál í borgarhlutanum.

Vinabandið hlaut viðurkenningu fyrir tónlistarlíf en þessi tónlistarhópur hefur um árabíl verið í fararbroddi og glatt Breiðhýltinga og fjölmarga aðra með tónlist sinni. Þeir sem standa að Vinabandinu eru; Arngrímur Marteinnsson sem spilar á harmonikku, Ingibjörg Sveinsdóttir, spilar á trommur, Haraldur Hjálmarsson á píanó, Þorgrímur Kristmundsson á munnhörpu og þau sem sjá um söng eru; Guðrún S. Kristjánsdóttir, Jón Hilmar Gunnarsson, Sigurður Stefán Þórhallsson og Sigrún B. Ólafsdóttir. Ólöf Anna Ólafsdóttir hlaut viðurkenningu



Vinabandið hefur leikið fyrir Breiðholtið og aðra á undanförunum árum.

fyrir umhverfismál en hún hefur í störfum sínum unnið að fegrun hverfisins af áhuga og fagmennsku. Ólöf Anna er lærður garðyrkjumaður og hefur sú menntun og gott starf hennar hér í Breiðholti síðastliðin 3 ár, á vegum Umhverfis- og samgöngusviðs, gjörbreytt ásýnd hverfisins. Guðmundur H. Guðmundsson, bakameistari hlaut

viðurkenningu fyrir verslunarstörf en hann er einn af frumbýlingum hverfisins og einn af helstu brautryðjendum í uppbyggingu verslunar og þjónustu í Breiðholti. Birna G. Bjarnleifsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir ýmis framfaramál í Breiðholti en hún hefur alla tíð haldið kostum þess á lofti og látið sig mál efni þess og velferð miklu varða.

Hrefna Björk vann ljósmyndasamkeppnina

Hrefna Björg Gyldadóttir lenti í fyrsta sæti ljósmyndasamkeppni Breiðholts. Vinningsmynd hennar nefnist "Sumar- Gígja í vatni" og sýnir stúlku undir vatnsúða í undirgöngum.

Í öðru sæti ljósmyndasamkeppninnar varð Kristjana Björk Steinarsdóttir fyrir myndina "Tökum höndum saman" og Margrét Þórðardóttir varð í þriðja sæti fyrir myndina "Tvö í leik".



Mynd Hrefnu Bjarkar Gyldadóttur sem hún nefnir "Sumar-Gígja í vatni".

Er um að taka upp nýjar vörur

Opið
Mán. - Föst. kl. 10-22:30
Laugard. kl. 10-20:00
Sunnud. kl. 12-20:00

SÚPER SÓL / NOON HÁRSTOFA

Hólmaseli 2, 109 Reykjavík
S. 567-2077 & 587-0077

Tilboð
10 Tímakort 4.490 kr.
5 Tíma Dag kort 2.390 kr.
(Mánðarkort)

Súper Sól
Hólmaseli 2, 109 Reykjavík S. 567-2077 - 587-0077

Ný vetrardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu
skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kaupu vetrardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrru okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bíldshöfða 5a,
Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
Hafnarfjörður: Dalshrauni 5 (opnar á næstunni).
Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5.

MAX1
BÍLAVAKTIN

75
milljónir
á einn miða í desember

Þeir sem eiga miða í Happraetti Háskólans geta átt von á 75 milljóna afmælisvinningi í síðasta útdrætti ársins. Þú getur ennþá verið með! Tryggðu þér miða fyrir aðeins 1.000 kr. á mánuði. **Við drögum næst 24. nóvember!**

HAPPRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Fáðu þér miða á www.hhi.is eða í síma 800 6611

75 ára
milljónir
á einn miða

10% afsláttur
af jólakortum til
4. des



myndval

Þönglabakka (Mjódd) 4 sími 557 4070
myndval@myndval.is
www.myndval.is

Hjá Eddu
Fótaaðgerðastofa

S. 561 2025 & 8 200 593

Hléskógar 16 • eddalara@islandia.is

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

2009

AÐVENTA

Einleikur byggður á sögu
Gunnars Gunnarssonar„Þegar hátíð fer í hönd, búa
menn sig undir hana, hver
á sína vísu.“

Sagan byggir á frásögnum af frægum svaðilföllum Benedikts Sigurjónssonar, öðru nafni Fjalla-Bensa, á Mývatnsöræfum. Hér er á ferðinni klassísk saga um náungakærleika og fórnfýsi. Pétur Eggerz fer með hlutverk Fjalla-Bensa.



Leikstjóri og höfundur leikgerðar: Alda Arnardóttir
Tónlist og hljóðmynd: Kristján Guðjónsson
Leikmynd og búningar: Messíana Tómasdóttir

Sýningar fara fram í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi

- Sunnudaginn 29. nóvember kl. 16
- Miðvikudaginn 6. desember kl. 20

Aðgangseyrir: Kr. 2.000

Tilboð til eldri borgara: Kr. 2.500 fyrir leiksýningu og girnilegt kaffihlaðborð að sýningu lokinni.

Tilboðshafar athugið að panta þarf miða með a.m.k. þriggja daga fyrirvara.

Miðasala í síma 562 2669 og 897 1813

og á moguleikuhusid@moguleikuhusid.is www.moguleikhusid.is

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

Áskriftartilboð Ársins

1990*kr á mánuði og
ótakmarkað í ljós...

Pöntunarsími: 5872700

Ibiza sól allt árið



Nemendur Fellaskóla tefldu í Mjóddinni

Nokkrir nemendur úr Fella-skóla mættu með skákborðin sín niður í Mjódd og tefldu við vegfarendur í göngugötunni í tilefni af Breiðholtsdögum.

Ýmsir urðu til að grípa í tafl við krakkana úr Fellaskóla og mæltist þetta framtak afar vel fyrir. Í framhaldi af því er íhugað hvort unnt verði að efna til fleiri slíkar skákmóta í Mjóddinni í vetur. Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri Fellaskóla segir að skákkennsla sé fyrir nemendur á öllum aldri og þetta óformlega götuskákmót hafi verið skipulagt í samstarfi við Skákakademíu Reykjavíkur en kennari frá Skákakademíunni hefur sinnt skákkennslu í Fellaskóla þetta skólaár.



Skáksnillingar úr Fellaskóla tefla í göngugötunni í Mjódd. Kristín Jóhannesdóttir, skólastjóri er þriðja fram vinstri fyrir enda skákborðsins.

Um tvö þúsund konur á konukvöldi

Um tvö þúsund konur á konukvöldi mættu á Kósi Konukvöld Garðheima sem var haldið fimmtudagskvöldið 5. nóvember.

Mikið var um dýrðir og fór veislustjórinn sem var Helga Braga Jónsdóttir á kostum. Sjá mátti bílum lagt þétt alveg frá Nettó og út að hringtorgi við Stekkjarbakka, en hátt að 2000 konur komu við í Garðheimum þetta kvöld. 20 % afsláttur var af öllum vörum þetta kvöld. Sýndar voru nýjar línur í jóla- og aðventuskreytingum, tiskusýningar íslenskra hönnuða, lukkupottar, alls kyns góðgæti og smakk og konur leystar út með gjafapoka með baðsalti. Þetta er fjórða árið í röð sem Garðheimar halda konukvöld og er ljóst að konur kunna að meta framtakið.



ER LÍFIÐ ERFITT?
HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS
ER OPINN **1717**

Rauði kross Íslands | Síminn

Komdu í þægilegt og gott umhverfi

Mjóddin



Purfum að standa vörð um lesturinn

- segir Sigbór Magnússon, skólastjóri

Breiðholtsskóli varð 40 ára á liðnu hausti og var haldið upp á þessi tímamót þann 24. september sl. Sigbór Magnússon, skólastjóri segir að nemendur og kennarar hafi gert sér eitt og annað til gamans í tilefni afmælisins. Þrír dagar hafi verið notaðir til undirbúnings og meðal annars var farið var í söguskoðun.

Eitt af því sem gert var í tilefni tímamótanna var að fara í skrúðgöngu um Arnarbakkann, hringinn í kringum Bakkahverfið í fylgt lögreglu og undir stjórn Jóhannesar Atlasonar, fótboltamanns, landsliðsþjálfara og kennara við Breiðholtsskóla. Jóhannes er elsti kennari við skólann í þeim skilningi að hann á lengstan starfsaldur að baki og hefur kennt samfelldt við skólann frá byrjun. Ýmsa gesti bar að garði, þar á meðal fyrri skólastjóra skólans en þeir eru; Þorvaldur Óskarsson, Guðmundur Magnússon, sem síðar varð fræðslustjóri Austurlands og Ragnar Þorsteinson, sem um tíma stýrði Þjónustumiðstöð Breiðholts og er nú framkvæmdastjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar.

“Á ég að fara með mínum manni”

Lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts lék fyrir afmælisgesti og Broskór Breiðholtskirkju söng nokkur lög en hann hefur æfingaaðstöðu í Breiðholtsskóla. Sigbór Magnússon, skólastjóri segir að í skrúðgöngunni hafi bekkir skólans verið paraðir saman þar hver bekkur átti sér sinn vinabekk og eldri nemendur hafi tekið þá yngri að sér með þessu formi. “Mér fannst mjög gaman að sjá hversu vel krakkarnir gerðu þetta og sum hinna eldri báru yngstu börnin á bakinu þegar þau urðu þreytt. Það var líka gaman að fylgjast með þeim á eftir þegar hver bekkur átti að fara inn í sína skólastofu. Þau hvísluðust á og spurðu ýmissa spurninga. Þar á meðal spurði ein lítið hnáta hvort hún átti að fara með “sínunum manni” inn í skólastofnun en það var eldri strákur sem hafði fylgt henni í göngunni. Þá má heldur ekki líta framhjá því að okkur fannst gaman að fá gamla nemendur inn á afmælinu sem rifjuðu upp með okkur ýmislegt skemmtilegt frá fyrri árum.”

Foreldrar áhugasamir um skólann

Sigbór segist hafa veitt því sérstaka athygli hversu ánægð börnin voru með daginn og hátíðahaldið. Það hafi ekki komið sér á óvart vegna þess að skólinn búi að sérstaklega góðu samfélagi. “Ég er búinn að starfa hér í fimm ár og ég hef fundið fyrir þessu í gegnum starfið. Það er eftirtektarvert hversu börnin eru að jafnaði góð hvort við annað og einnig hversu áhugasamir foreldrar eru um skólann þeirra og það starf sem þar fer fram. Við finnum þennan áhuga og hlýleika til skólans vel í gegnum foreldrafélagið sem nýtur mjög góðrar forystu.” Sigbór segir að þó megi ekki alhæfa svo að vandamál séu óþekkt. Það væri óeðlilegt. “Vandamál og borð við stríðni og agaleysi geta alltaf komið upp og þá reynum við að taka á því og vinna úr á þann hátt sem við best getum. En sem betur fer þá höfum við ekki þurft að glíma við eineltismál sem alltaf eru að koma upp í skólum.” Sigbór kveðst ekki vita ástæðuna



Sigbór Magnússon, skólastjóri undirbýr pylsuparti í tilefni afmælisdagsins.

fyrir því að Breiðholtsskóli hafi sloppið svo vel við þann vanda en ein ástæða þess geti verið að nemendur skólans sé mjög blandaður félagslegur hópur sem sterkt samfélag á bak við sig. “Hér er margt fólk sem hefur búið lengi í hverfinu og það er ekki mikið um tilflutninga þótt fólk komi nokkuð og fari eins og ætíð. Það sem að mínu mati háir helst búsetu í Bökkunum er að það vantar stærri íbúðir í blokkarhlutann þannig að fólk leitar burt þegar fjölskyldur stækka og ekki reynist unnt að fá stærri íbúðir í gamla hverfinu.

Flest börnin ganga í skólann

Sigbór er ættaður úr Smáibúðahverfinu sem svo var kallað en það er borgarhlutinn á milli Miklubrautar og Bústaðavegar austan Háaleitis. Hann minnst því Breiðholtsins sem óbyggðs svæðis úr eigin bernsku. “Ég man sérstaklega eftir því að við krakkarnir úr þessu hverfi fórum í dagsferðir á reiðhjólum og stundum í útilegur uppeftir þar sem Breiðholtsbyggðin er nú. Ég man eftir þessu sem óbyggðu landi og Elliðaármóunum með lávöxnum gróðri og runnum en engum skógi. Með tilkomu byggðarinnar hefur mikið ræktunarstarf farið fram og Breiðholtið að hluti skógivaxið. Ég er ekki frá því að þessi mikli gróður geri neðra Breiðholtið að þeirri perlu sem ég tel það vera.” Sigbór minnst á átakið “að ganga í skólann” og segir að þau í Breiðholtsskóla þurfi lítið af því að vita. “Hverfið er þannig skipulagt að hér ganga flest öll börn í skólann. Þau þurfa ekki að fara yfir umferðargötur nema í fáum tilfellum og við erum laus við bílakraðak hér í kring. Það er nokkuð um að starfsfólk komi akandi enda býr að víða og það á reyndar við um sjálfan mig vegna þess að ég bý upp á Kjálarnesi þar sem ég starfaði áður en ég tók við skólastjórastarfinu hér.



Frá skrúðgöngunni á Arnarbakkanum og ekki fer á milli mála hvert tilefnið er.

Erum lánsöm með gott starfsfólk

Talið berst að stöðunni í skólamálu við aðstæður samdráttar í þjóðfélaginu og niðurskurðar sem fáa lætur ósnortna. Sigbór segir að halda verði góðum dampi í skólastarfinu þótt aðstæður verði erfiðar um tíma. “Við erum svo lánsöm að hér er góð blanda af starfsfólki. Kennarar sem búa að mikilli reynslu og einnig yngra fólk sem kemur með ferskleika og nýjar hugmyndir með sér. Breiðholtsskóli átti lengi starfsaldurmet fólks. Það vildi enginn fara og þegar ég kom hingað til starfa var fyrir stór hópur fólks sem hafi unnið hér í tvo áratugi eða lengur. Við höfum verið að þróa breytingar á unglingastiginu til þess að koma meira til móts við nemendur og þær hafa tekist vel. Við höfum einnig verið að lengja og efla starfið á yngri stigunum auk þess sem við höfum verið að þróa útikennslu og auka við hana án þess þó að hafa sérstakt útsvæði annað en skólalóðina.”

Purfum að standa vörð um lesturinn

Af öðrum nýjungum sem unnið er að í Breiðholtsskóla má nefna innleiðingu svonefnds PPS kerfis og er það komið á framkvæmdastig. Sigbór segir þetta kerfi gert til þess að styðja við jákvæða hegðun og leggja áherslu á jákvæða styrkingu. Einkunnarorð þess séu ábyrgð, traust og tillitsemi. Af því tilefni hefur verið hannað lítið merki – lítill áttaviti sem krakkarnir vinna sér inn sem ákveðna umbun. Nú er búið að innleiða þetta í öllum skólanum og segir Sigbór gaman að fylgjast með hversu vel eldri nemendur taki þessu. Annað verkefni sem er unnið að í Breiðholtsskóla er lestrararverfni. “Við höfum lagt mikla áherslu á góða lestrarkennslu og fylgja lestrinum vel eftir. Það þarf að standa vörð um þetta vegna

þess að nokkur brögð eru að því að börn séu ekki nægilega vel læs og við verðum að gæta þess vel að börn fari ekki ólæs í gegnum grunnskólann. Vissulega geta ýmsar orsakir legið að baki því að börn ná lestrinum ekki nægilega vel og má nefna lesblindu og sjón-

galla í því sambandi auk þess sem manneskjan er misjafnlega gerð til þess að meðtaka nám. Lestur og stærðfræði eru undirstaða námsins,” segir Sigbór Magnússon, skólastjóri í Breiðholtsskóla.

2/1 Á GLERAUGUM

SJÓNMÆLINGAR LINSUMÁTUN
Sími: 534 2661

GLERAUGNAVERSLUN GARDABÆJAR

LAGERSALA

Mikið úrval af ódýrum skóm á alla fjölskylduna

Light Step by Grisport

herraskór stærðir 39-47

dömskór stærðir 36-42

Úrval af skóm í leikfimina

grisport

Öryggisskór

Loðfóðruð dömskuldastígvél

Gabor

Opið virka daga 12:00 - 18:00 - laugardaga 12:00 - 16:00

XENA

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík
Allar upplýsingar í síma 517-2040

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Guðrún Edda Einarsdóttir, skóhönnuður rifjar upp æskuna í Breiðholtinu að þessu sinni. Guðrún Edda er menntaður vöruhönnuður frá University of the Arts í London með sérstaka áherslu á sönnun á skóm og starfar um þessar mundir við skóhönnun í Danmörku. Foreldrar hennar eru Einar Sigurbórsson, ættaður úr Reykjavík og Edda Runólfsdóttir af Kvsílarhósætt úr Suður Þingeyjasýslu.

Hófst og lauk í Gerðubergi

Ég er svona venjuleg stelpa úr Hólunum. Breiðhýltingur í húð og hár. Ég bjó síðar um tíma í 101um. Þaðan lá leiðin til náms í London og nú bý ég í Kaupmannahöfn. Mér fannst ágætt að fara í 101. Það var stutt í bæinn. Maður gat labbað en ég saknaði alltaf ákveðinna hluta úr Breiðholtinu – einkum Elliðaárdalsins sem var leiksvæði okkar krakkanna sem ólust upp í Hólunum og víðar í hverfinu. Elliðaárdalurinn var skemmtilegt leiksvæði. Svona eins og sveit. Alveg úti í náttúrunnu en svo skammt frá borginni. Indíanagilið var ótrúlegt. Við stelpurnar fórum oft í nestisferðir niður í Elliðaárdalinn.

Hreyfipörfin fór í hendurnar

Það var mikið af krökkum í hverfinu þegar ég var að alast upp. Ég átti góðar vinkonur sem flestar eru vinkonur mínar í dag. Við kynntumst í Hólabrekkuskóla og fyrsta veturinn okkar var okkur kennt í Gerðubergi sem þá var nýlegt. Mig minnir að við höfum aðeins verið einn vetur í Gerðubergi en þá var verið að byggja skólann. Ég á ekkert annað en góðar minningar frá þessum árum. Okkur krökkunum leið mjög vel í þessu umhverfi. Ég er stóra systirin í minni fjölskyldu og á tvær yngri systur. Svo vildi til að þótt ég ætti heima uppi í Hólahverfi þá var ég í leikskóla í Vesturbænum. Það kom til af því að mamma starfaði við Landa-kostsspítalann og ég fylgdi henni

og var í leikskóla sem var fyrir börn starfsfólks þar. Amma bjó líka í vesturbænum og ég fór oft þangað eftir leikskóla. Ég þekkti því fáa krakka þegar ég kom í Hólabrekkuskóla. Var svona aðeins eins og utanbæjarbarn þegar ég kom í skólann þótt ég hefði alist upp í hverfinu. Ég datt svona aðeins inn í íþróttir um tíma en var held ég aldrei mjög góð í þeim. Ég held að hreyfipörfin hafi farið meira í hendurnar. Það hentaði mér betur að sitja og gera eitthvað í höndunum en að sparka bolta þótt ég hafi prufað það. Þaðan liggur eflaust leiðin að því að ég fór að fást við hönnun. Ég var mikið með einni vinkonu minni sem heitir Thelma. Þetta er fjörug stelpa og það var mikill njálgur í henni eins og stundum er sagt um fjöruga krakka. Einhvertímann lögðum við af stað úr Breiðholtinu og ætluðum niður í bæ. Við komumst ekki alla leið og þessi ævintýraferð endaði með því að pabbi hennar varð að ná í okkur. Við urðum því að þeirri skemmtun sem við ætluðum að ná í. Í þetta skipti. Hún var meiri skemmtanatýpa en ég. Vildi alltaf vera lengur ef við fórum eitt-hvað. Ég er meiri kaffihúsatýpa. Meira fyrir rólegheit. En þótt við séum mjög ólíkar að þessu leyti þá vorum við miklar samlokur. Annað áttum við sameignlegt. Áhugann á því að gera eitthvað með höndunum. Hún fór í hárgreiðsluna. Þetta er tengt þótt fagið sé annað. Byggist á hugsun sem verður að útfæra með höndunum. Alla vega var eitt-



Með ömmu í Vesturbænum.

hvað sem tengdi okkur mjög náið saman.

Skrift, teikning og ljósmyndun

Ég hafði snemma gaman af að skrifa. Þegar við vorum í sex ára bekknum vorum við að æfa okkur í allskonar skrift. Ég bjó til mína eigin leturgerð og langar til þess að búa til font svona þegar ég hef tök á. Ég hef unnið með letur í skóghönnuninni. Leturgerðin er list út af fyrir sig. Ég byrjaði líka snemma að teikna. Ég teiknaði aðallega abstrakt. Fannst það mjög skemmtilegt. Þetta byggist mikið á formi. Ég teiknaði oft form og hlutföll. Ef mér leiddist í skólanum þá tók ég blýantinn upp og fór að teikna. Ég teiknaði bara í tímunum. Þá liðu þeir hraðar. Ég hef alltaf teiknað út frá sjálfri mér og án fyrirmynda og ég hef aldrei teiknað fyrirsetur. Eiginlega aldrei haft áhuga á portrettinu eða að teikna fólk. Abstraktteikningin var og er meira á mínu áhugasviði. Eftir Hólabrekku lá leiðin í FB. Myndlistarbrautin var þá komin til sögunnar og beinast lá við að teikni- og handavinnustelpan færi á þá braut. Ég hafði líka áhuga á ljósmyndun. Ég tók talsvert af ljósmyndum á unglingarárum og fór á ljósmyndanámskeið. Faðir minn hefur fengið talsvert við ljósmyndun. Þaðan hef ég eflaust áhugann þótt ég hafi ekki farið mikið inn á þá braut frá unglingarárunum. Ég á kannski eftir að gera eitthvað í því síðar. Ég fór svo að vinna hjá fyrirtæki sem hét X18 og vann þar í nokkur ár. Þaðan lá leiðin í Listaháskólann þar sem ég var í þrjú ár. Ég var óviss um hvað ég

ætti að gera en hafði lengi haft mikinn áhuga allskonar fylgihlutum eins og höttum og skóm. Ég var farin að teikna skó á meðan ég var í FB og hélt því áfram í vinnunni hjá X18 sem var hönnunarfyrirtæki en var einnig með framleiðslulínu. Mér fannst mjög gaman að fást við þetta en ég hef aldrei fengið áhuga á fatahönnun sem slíkra. Áhuginn hefur beinst að fylgihlutunum og þá einkum að skónum.

Byggist á hugarflugsmyndum

Þetta byggist oft á einhverskonar hugarflugsmyndun. Stundum finnst mér ég vara stödd á einherjum öðrum stað en ég er á. Þótt ég sé á vissan hátt félagslynd þá er ég einnig einfari í mér. Ég sveiflast svona á milli þess að vera innan um fólk og vilja vera ein með sjálfri mér. Ég hef þetta hvort tveggja í mér. Það getur verið gott að vera einn. Ég kemst oft í gott vinnustuð með einveru. Hún virkjar hugmyndaferlið. Þetta er eins og að skrifa. Það sama má segja um hönnunina. Maður þarf að fá andagiftina og komast í vinnuham.



Fékk snemma áhuga á höttum og skóm.



Með sýnishorn af nýjustu hönnuninni.

Búið að láta streituna til hliðar

Hef alltaf laðast að eldra fólki. Ég veit ekki hvort ég er svona gömul sál en mér finnst þægilegt að vera innan um eldra fólk. Við amma erum mjög góðar vinkonur og reynum að eiga eins mikinn tíma saman og við getum. Kannski eru það rólegheitin sem oft er yfir þessu fólki sem er búið að lifa langa æfi og kynnaðst ýmsu. Það býr oft að mikilli reynslu og hefir frá mörgu að segja. Það á sér ákveðna lífsfyllingu sem það getur miðlað þeim yngri og óreyndari. Þetta fólk er líka oft komið á þann stað í lífinu að því finnst það ekki vera að missa af neinu. Það er búið að láta streituna til hliðar. Ég hef verið að vinna lokaverkefni mitt við University of the Arts í samstarfi við félagsstarfið í Gerðubergi. Ég hef lært ýmislegt af því að sjá hvað fólkið er að gera. Sjá hvaða handverkstækni það notar. Þau hafa verið að gera marga mjög góða og fallega hluti. T.d. í tréskurðinum. Svo eru konur að orkera. Orkeringin er hverfandi aðferð og gaman að konur í félagsstarfinu skuli vera að taka hana upp að nýju. Ég á örugglega eftir að prufa að orkara. Þetta verkefni hefur reynst miklið ánægjulegra en ég gerði mér grein fyrir. Ég hef sótt mér söguna í gegnum það.

Hófst og lauk í Gerðubergi

Ég byrjaði í Gerðubergi í fyrsta bekk í Hólabrekkuskóla og nú er ég að ljúka ákveðnum námsferli þar – í samvinnu við félagsstarfið. Ég held meira að segja að við séum í sömu stofunni og ég sat sex ára gömul með blýantinn og teiknaði þegar mér leiddist í tímunum. En nú er ég að fara aftur út. Að halda áfram með skóna. Að þróa hugmyndir mínar og koma þeim á framfæri. Þróa viðskiptahugmyndir. Allt tekur þetta tíma. En mér finnst gaman að hafa átt þess kost að koma heim í gamla hverfið mitt og vinna lokaverkefnið í samstarfi við fólkið í félagsstarfinu þar.



Einbeitt heima í stofu.



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

S A F T



„Ef þú ert lagður í einelti, mundu þá að ÞÚ ert ekki vandamálið. ÞAU eru vandamálið!“

Eyþór Ingi Gunnlaugsson, söngvari.

„Það eru bara lúserar sem leggja í einelti!“

Ingólfur Þórarinnsson, söngvari og fótboltamaður.

„Einelti er aldrei réttlætanlegt!“

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur og alheimsfegurðardrottning.

„Það tapa allir á einelti!“

Pétur Jóhann Sigfússon, leikari.

„Ef þú leggur í einelti, gætir þú orðið sek/ur um að eyðileggja líf!“

Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, söngkona.

„Eyðum einelti!“

Katrín Jónsdóttir, fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins í knattspyrnu.

„Einelti hefur áhrif um leið og þú leyfir það. Viðbrögð þín skipta líka máli. Haltu með þér!“

Páll Óskar Hjálmtýsson, söngvari.

„Það er ekkert töff við það að leggja í einelti!“

Sverrir Þór Sverrisson, skemmtikraftur.



NÝI KAUPPING BANKI

Breiðholtið

Kveður Hólaborg eftir 27 ár



Margrétar Pálsdóttir lét af störfum hjá leikskólanum Hólaborg 31. ágúst s.l. en þá hafði hún starfað samfellt í 27 ár hjá skólanum eða frá því í sept. 1982. Samstarfsfólk

Margrétar hélt henni kveðjuhóf og þakkaði henni fyrir vel unnin störf um langan tíma. Á myndinni er Margrét ásamt Ingu Karólinu og Ástu leikskólastjórum Hólaborgar.

Tilboð

Fallegar gelneglur með French aðeins **Kr. 6.500**

French gel á tásur aðeins **Kr. 4.500**

Litun og plokkun **kr. 2.800**

Allar vaxmeðferðir á **15%** afslætti

Fætur & fegurð
HÓLAGARÐI • LÓUHÓLUM 2-4 • SÍMI 557 5959

Arnór L. Pálsson
framkvæmdastjóri

Ísleifur Jónsson
útfararstjóri

Frímánn Andrésson
útfararþjónusta

Svafar Magnússon
útfararþjónusta

— REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST —

Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta

Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta

Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta

Ellert Ingason
útfararþjónusta

Þegar andlát ber að höndum

Önnumst alla þætti útfararinnar

**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

TIL UMHUGSUNAR

Eftir Ragnhildi Ásgeirsdóttir, djákna

Tækifæri til að gleðja

Það var stjörnu bjartur himinn og tunglið skartaði sínu fegursta eitt kvöldið þegar ég fór í göngutúr. Göngutúrar eru hressandi og hreinsandi fyrir líkama og sál. Þá nota ég tækifærið til að anda að mér fersku lofti og skynja um leið að ég meðtek allt það sem jákvætt er, orku og innri kraft, styrk og gleði um leið og ég varpa frá mér áhyggjum og kvíða. Þetta kvöld átti ég samtalið við Guð eins og svo oft áður í mínum göngutúrum. Ég var mjög þakklát Guði, því að þennan dag hafði ég fengið fyrsta upplag af geisladiskinum okkar sem Fella-og Hólaborgar er að gefa út. Afrakstur starfs listasmíðjunnar Litrófs, sem er listasmíðja fyrir börn frá átta ára aldri, var í mínum höndum, geisladiskur með 15 nýjum, íslenskum jólalögum. Og

ég bað til Guðs að þessi diskur mætti verða mörgum til blessunar og gleði. Jólaöldin hljóma á aðventunni og minna okkur á komu jólaanna. Orðið Aðventa er komið úr latínu að og venire og þýðir koma. Aðventan markar upphaf kirkjuársins. Á aðventunni notum við tímann til að undirbúa komu frelsarans sem fæddist í Betlehem. Mér finnst aðventan yndislegur tími, að vera saman með fjölskyldunni, baka smákök, föndra við kertaljós og skrifa jólakort. Boðskapur jólaanna hljómar alls staðar í kringum okkur, boðskapurinn um frið og kærleika Guðs sem kom til okkar manna með fæðingu Jesú Krists. Á aðventunni fáum við tækifæri til að gleðja og blessa hvert annað og þá fyllum við huga okkar af hinu góða, fagra og fullkomna.

Það er gott að fá að taka þátt og gefa til Hjalparstarf kirkjunnar sem aðstoðar þau sem eiga um sárt að binda. Í nóvember var frumsýnd íslensk bíómynd, jóla-mynd sem heitir Desember og hún fjallar um íslenska fjölskyldu sem býr í Breiðholti. Fjölskyldan mætir miklum erfiðleikum og þarf að kljást við margvísleg vandamál. Myndin er mjög raunsæ, falleg og einstaklega góð saga þar sem við fáum að sjá íslenska fjölskyldu halda jól. Og hún kennir okkur hvað það er sem skiptir mestu máli í lífinu. Að við hlúum hvert að öðru og mætum hvert öðru með kærleika. Jesús Kristur vísar okkur veginn.

Guð gefi þér og þínum gleðileg jól og farsælt komandi ár. Kær kveðja frá okkur öllum í Fella- og Hólaborg.

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir er lesandi Breiðholtsblaðsins að þessu sinni. Sigríður Júlía er bókasafnsfræðingur og lestrarhestur. Hún hefur búið í Breiðholti í 15 ár og er fastagestur á bókasafninu í Gerðubergi og víðar.

Það hefur aldrei verið bara ein bók á náttborðinu hjá mér heldur úrval af ýmsu lesefni eins og slúðurblið, útsaumsblið og þrjónabækur enda er afar hentugt að geta fengið þetta allt á bókasafninu. Heima er best og Húsfreyjan eru t.d. orðin ein af mínum uppáhalds tímaritum.

Eins og svo margir aðrir er ég nýbúin að lesa Stúlkan sem lék sér að eldinum eftir Stieg Larsson og þriðja bókin bíður eftir mér á sænsku en hvað leggur maður ekki á sig fyrir góða bók? Einnig er ég nýbúin með bókaflokkinn um Sookie Stackhouse sem þáttaröðin True Blood er byggð á og verið er að sýna á Stöð 2. Ég hef

Sigríður Júlía Sighvatsdóttir.

ekki verið mikið fyrir vampíru-sögur en þessi bókaflökkur sem er kominn í nýu bækur hélt mér við efnið. Aðalsöguhetjan er áður nefnd Sookie sem vinnur á bar í smábæ í Suðurríkjum Bandaríkja-anna. Hún hefur lifað frekar einföldu og viðburðarlausu lífi fyrir

utan það að geta heyrt hugsanir fólks. Rölegheitin breytast þó fljótlega eftir að vampírur opinbera tilveru sína og ein slík flytur í næsta hús við Sookie.

Það sem ég er að lesa núna er nýjasta bók Dan Brown, The Lost Symbol eða Týnda táknið eins og hún mun heita á íslensku. Í henni er prófessor Robert Langdon úr Da Vinci lyklinum aftur mættur leiks og í þetta sinn til Washington D.C. Atburðarásin er hröð og gerist öll sagan á 12 tímum. Frímúrarar og meintir leyndardómar reglunnar er aðalviðfangsefnið í þessari bók og á ég von á mikilli spennu og upp-ljóstrunum. Mér var svo bent á að það væri sniðugt að hafa bækur um Washington D.C. til hliðsjónar þegar ég læsi bókina og þ.a.l. er ég með þrjár ferðabækur um borgina til að fletta upp í eftir því hvert Langdon fer í sögunni.

Fyrir stuttu uppgötvaði ég svo skemmtilegan bókaflökk sem ber nafnið The Elm Creek Quilters. Eins og nafnið gefur til kynna kemur bútasaurur við sögu í bókunum og miðpunkturinn er hópur kvenna sem reka bútasaursskóla á ættaróðali einnar þeirra. Þó ég hafi ekki hundsvit á bútasauri þá finnst mér þetta finar bækur að því leyti að það er ekki alltaf verið að tala um bútasaur heldur eru þær líka fjölskyldusaga og er farið allt aftur til tíma Vesturfara og þrælshalds þar sem bútasaursteppi og hin ýmsu mynstur og merking þeirra koma við sögu. Var svo langt gengið hjá mér að ég náði mér í bók um bútasaursmynstur til að átta mig betur á því hvernig mynstur var verið að tala um.

Ég er þó mun meira fyrir spennusögur en Elm Creek Quilters er ágætishvöld frá þeim. Spennusagnamynstrið er að breytast að mínu mati frá því að vera einfalt „hver framdi morðið“ yfir í að vera fullt af myndrænum lýsingum á því hvernig fórnarlömbum er misþyrmt og þau limlest. Oft á tíðum fær maður nóga af svoleiðis og þá er gott að grípa í góða sögu þar sem það blóðugasta gerist er að einhver stingur sig á saumnál. Eða þannig.

GERÐUBERG
Menningarmiðstöð

2009

Gott í hádeginu

Komdu og kíktu á okkur í Gerðubergi

- heitir réttir
- súpa og salat
- kaffi og meðlæti

Eldri borgara afsláttarmiðar gilda hjá okkur

Einnig take away

Gallery fiskur
Sími 863 9217

Vissir þú...
að í Gerðubergi er frábær aðstaða fyrir veislur, fundi, ráðstefnur og námskeið?

Nýtt
heitur reitur í Gerðubergi

Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700
Netfang: gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

Myndval í Mjódd 20 ára

Verslunin Myndval varð 20 ára á dögunum. Verslunin hefur verið alla tíð í Mjóddinni en á nokkrum mismunandi stöðum í gegnum tíðina. Fyrir um tveimur árum flutti Myndval úr sjálfri göngugötunni yfir suðið í rúm-gott húsnæði við Þönglabakka 4 þar sem Kaffi Strætó hafði verið rekið um tíma.

Í tilefni af 20 ára afmælinu ætla verslunin að vera með sérstakt afmælistilboð á stafrænni framköllun. Að sögn Egils Inga Jónssonar, eiganda Myndvals þurfi að fresta tilboðinu um tíma vegna bilunar í tækjum. "Við þurftum að fá varahluti erlendis frá sem tók nokkurn tíma en nú eru þeir komnir á sinn stað og okkur er því ekkert að vanbúnaði að bjóða fólk velkomið og njóta afmælistilboðsins.

Egill Ingi segir að margt hafi breyst á þeim tveimur áratugum sem verslunin hafi starfað og mest muni um "digital" væðinguna. Með tilkomu stafrænna myndavéla hafi sala á filmum og hefðbundinni framköllum dregist mikið saman. Filmur séu þó seldar enn og alltaf nokkuð um framköllun af því tagi. "Margir



Egill í Myndval.

áttu nýlegar og góðar myndavél- ar þegar hin nýja tækni kom til sögunnar og hafa haldið tryggð við þær – að minnsta kosti að einhverju leyti. Vera má að þar séu meira áhugaljósmyndarar á ferðinni en fólk sem notar myndavél- ar helst til þess að taka myndir af fjölskyldunni." Fyrir þremur árum hóf Myndval útgáfu á persónulegum dagatölum fyrir fólk. Fólk getur komið með myndir úr sínu lífi

.t.d. úr liðnu sumarfríi eða af öðrum viðburðum sem sett inn í sitt eigið dagatal og á sama hátt getur fólk látið útbúa persónuleg jóla- kort fyrir sig. Eitt af aðalsmerkjum Myndvals er hið mikla úrval af myndarömmum sem verslunin býður. Þar er að finna flestar hefðbundnar stærðir myndaramma í margbreytilegum útfærslum þar sem flestir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Aðalfundur Betra Breiðholts

Aðalfundur Íbúasamtakanna Betra Breiðholt verður í Fella- og Hólakirkju í Efra Breiðholti haldinn mánudaginn 23. nóvember nk. hefst 18:00. Á fundinum verða hefðbundin aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar verður kynnt, reikningar lagðir fram og stjórn kjörin auk annarra mála.

Í frétt frá samtökunum vegna aðalfundarins kemur m.a. fram að Íbúasamtökin Betra Breiðholt hafi starfað í þrjú ár. Fjölmörg mál hafa komið inn á borð samtakanna þar sem þau hafa fengið umfjöllun og eftirfylgni. Íbúasamtökin hafa einnig staðið fyrir ýmsum uppákomum og er þar skemmt að minnsta borgarafund vegna löggæslumála sem haldinn var í Seljakirkju fyrr á árinu og Markaðinum í Mjódd í aðdraganda Breiðholtsdaga. Í fréttinni kemur fram að til að vekja athygli ráðamanna á ýmsu sem mætti betur fara í Breiðholti hafi stjórn samtakanna átt fundi og fjölmörg samtöl við borgaryfirvöld, sem og fyrrverandi og núverandi borgarstjóra með það að markmiði að koma einstaka málum og málefnum í viðeigandi farveg innan borgarkerfisins. Stjórn Íbúasamtakanna kveðst ánægð með þann árangur



Núverandi stjórn Íbúasamtakanna Betra Breiðholts.

sem náðst hefur á starfstímanum en framundan bíða mörg brýn verkefni úrlausnar víða í hverfum Breiðholts.

Kafbátasaga og annar fróðleikur frá Hólum

Bókaútgáfan Hólar í Breiðholti sendir fjölda bóka frá sér nú á haustnóttum.

Af forvitnilegum bókum útgáfunnar að þessu sinni má nefna. Kafbátasögu eftir Örnólf Thorlacius, fyrrum rektor. Í bókinni er rakin þróun kafbátanna henni fylgt eftir í gegnum tvær heimsstyrjaldir, auk þess sem fjallað er um gildi þeirra við rannsóknir á hafdjúpum. Í bókinni kennir margra frásagna bæði af tæknilegum toga en ekki síður af ferðum kafbátanna og átökum í heimstyrjöldunum frá 1914 til 1918 og 1939 til 1945. Örnólf Thorlacius, er þekktur fyrir kennslustörf sín og skólastjórn í Menntaskólanum við Hamrahlíð þar sem hann var rektor um árabíl. Örnólfur stýrði einnig þáttum um tækni og vísindi í Ríkissjónvarpinu um árabíl en Sigurður H. Richter tók síðan við keflinu af honum.

Önnur bók er Guðjón í Hólum gefur út nú er Orrustan um Spán, eftir Antony Beevor. Þar fjallar þessi breski sagnfræðingur um spænsku borgarastyrjöldina þegar Franco komst til valda á Spáni og



varð einræðisherra. Þetta er fimmta bókinn frá Antony Beevor sem Hólar gefa út en hann hefur fjallað mikið um sögu síðari heimstyrjaldarinnar. Af bókum eftir Beevor sem áður hafa komið út hjá Hólum má nefna; Fall Berlínar, Stalíngrad og Auschwitz. Þá má nefna bók Birgittu Halldórsdóttur um Hauk

bónða á Röðli í Austur-Húnavatns-sýslu. Bókin er annars vegar persónuleg saga Hauks þar sem kennir margra grasa en á hinn bóginn saga umbreytinga í sveitum landsins fyrir og um miðja síðustu öld. Bókin er um margt bráðskemmtileg. Haukur er góður sagnamaður og segir m.a. frá ýmsum atburðum í lífi sínu. Þar á meðal segir hann frá því þegar hann falsaði kennsluvottorðið sitt til ökuþrófs en síðar átti hann eftir að vera ökukennari í mörg ár. Vilhjálmur á Brekku í Mjóafirði er enn að. Á 10 áratug æfi sinnar sendir þessi fyrrum bóndi, stjórnmálamaður og ráðherra frá sér bók um bændatal og byggðaröskun í samvinnu við Sigurð Helgason frá Gröf. Í bókinni fjalla þeir um tvær jarðir í Mjóafirði, Brekku og Dali, í þrjú hundruð ár, eða frá 1700 og fram yfir síðustu aldamót, ábúendur þar og þá byggðaröskun sem orðið hefur í tímans rás og breytt ásýnd fjarðarins. Vilhjálmur hefur stundað grúsk um menn og málefni eftir að hann hætti þátttöku í stjórnmálum og eru bækur hans orðnar um tveir tugir að tölum.

Opin íbúafundur hverfisráðs Breiðholts

Hverfisráð Breiðholts heldur opinn íbúafund fimmtudaginn 26. nóvember kl. 17:30 í Félags- og þjónustumiðstöðinni, Árskógum 4. Þar gefst Breiðhylltingum tækifæri til að koma ýmsu á framfæri við fulltrúa ráðsins beint og milliliðalaust.

Hverfisráð Breiðholts



20% AFSLÁTTUR AF
GLUGGATJALDAHREINSUN
ÚT NÓVEMBER

(TELBOÐ GILDIR EINNUGS Í MJÓDD)



Smakkaðu 200 kr ís í brauði, miðstærð

Opið til 22:00 alla daga



Ísbúð Kópavogs
Nýbýlavegi 32



NEW SUPER SUB
Nýbýlavegi 32

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Jón G. Bjarnason



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Eypór með Íslands- met á EM fatlaðra



Eygló Ósk Gústafsdóttir.
Mynd BÆ.

Ægiringar áttu einn keppanda á EM fatlaðra í sundi sem fram fór í Laugardalslaug 18. til 24. október. Það var Eypór Þrastarson sem synti þar í flokki blindra. Hann stóð sig frábærlega á þessu móti og fékk meðal annars silfurverðlaun í 400m skriðsundi auk þess sem hann setti íslandsmet í 50m skriðsundi. Óskum við honum innilega til hamingju með þennan frábæra árangur.

Ægis krakkar tóku síðan þátt í Fjölnismóti um mánaðarmótin okt. – nóv. og stóðu sig með sóma. Þar voru flestir að bæta sína bestu tíma þó æfingaálag sé búið að vera mikið og enn bættist í ÍM hóp félagsins. Eygló Ósk Gústafsdóttir gerði sér einnig lítið fyrir og setti tvö telpna met, það fyrri í 800 m skriðsundi og síðara í 100 m baksundi, frábær árangur það.

Eygló fékk einnig bikar fyrir stigahæstu sundin í telpnaflokki og Jakob Jóhann í karlaflokki.

Vantar þig einstakar jólagjafir?



Þú færð lítil og stór listaverk á góðu verði í Gallerí Grjótí

Gallerí Grjót
Arnarbakka 2. Opíð alla virka daga 14-18.
Nánari uppl. í síma 864 3140 eða á www.gallerigrjot.is



**FULL BÚÐ
AF SPILUM**



Spilavinir
Spil og þúsluspil fyrir alla fjölskylduna
Langholtsvegi 126 - Sími 553 3450 - www.spilavinir.is

Getraunarnr. 111
Leiknir var stofnað 1973

www.leiknir.com
Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknisfólk á landsliðsæfingunum

Nú á haustdögum hafa yngri landslið Íslands verið dugleg að æfa og hafa Leiknismenn átt fólk á æfingunum.

Rakel Ýr Einarsdóttir leikmaður 3. flokks kvenna hefur verið boðuð á æfingar hjá u-17 ára landsliði Íslands. Rakel er duglegur leikmaður sem getur leyst flest allar stöður á vellinum. Rakel er fædd árið 1995 og er því að leika upp fyrir sig í þessu landsliði sem er gríðarlega góður árangur. Kristján Hermann Þorkelsson og Sigmar Egill Baldursson hafa verið boðaðir á æfingar hjá u-17 ára landsliði Íslands. Báðir eru þeir leikmenn í

3. flokk Leiknis en einnig hafa þeir fengið að spreyta sig með 2. flokki karla og KB varaliði Leiknis sem leikur í 3. deildinni. Kristján Hermann leikur sem framherji en Sigmar er miðjumaður. Hilmar Árni Halldórsson leikmaður meistara- og 2. flokks karla hefur æft með u-19 ára landsliði Íslands er Hilmar er fæddur árið 1992. Hilmar leikur sem miðjumaður en kom sterkur inn í lið meistaraflokks Leiknis í 1. deildinni seinna hlutann á síðasta tímabili.

Hilmar Árnason, leikmaður Leiknis æfir með u-19.



Fellaskóli í heimsókn hjá Leikni

Fyrsti til 6. bekkur í Fellaskóla kom á dögum í heimsókn á Leiknisvöllum. Markmið heimsóknarinnar var að kynna Leikni fyrir krökkunum og leyfa þeim að sjá aðstöðu félagsins sem er ein sú besta á landinu.

Sýnt var kynningarmyndband þar sem farið er yfir starfið í yngri flokkunum hjá Leikni. Í myndbandinu er sýnt brot frá æfingunum sem og úr keppni hjá yngri

flokkunum. Að lokum fengu allir æfingatöflu og smá hressingu áður en haldið var aftur í skólann. Gaman var að sjá krakkana

á Leiknisvelli og viljum við Leiknismenn þakka Fellaskóla kærlega fyrir gott samstarf í þessu verkefni.

Úrval af nýjum fiski

Kofareyktur rauðmági
Sjósígin fiskur
Sólpurkaður saltfiskur

Opið virka daga frá 10 til 18 og laugardaga fram yfir hádegi.

Fiskbúð Einars
Arnarbakka 4-6 • Sími: 551 1439 - 897 3639

Sólbaðsstofan Ibiza í Mjódd:

Ódýrt í ljós og frítt í bíó

Nú er upplagt fyrir þá sem vilja vera frísklegir og fallegir á árshátíðinni í vetur, eða hyggja á sólarlandaferð seinni part vetrarins eða um páskana að fá sér ljósatíma í sólabaðsstofunni Ibiza því til 26. nóvember stendur yfir tilboð hjá þeim á 3ja mánaða, sex mánaða og 12 mánaða kortum fyrir ljóstimana.

Verðinu er stillt í hóf og nota má kortin ótakmarkað á meðan þau gilda. Einnig má kaupa kortin á "para-samningi" og gilda þau fyrir tvo, hvort sem um þar er að ræða eða ekki. Til að kóróna kjarakaupin í þessu tilboði þá er bíómiði innifalinn í öllum keyptum kortum. Og auðvitað fylgja tveir með parakortinu. Nú er rétti tíminn til að kaupa sér ljósatímana fyrir veturinn.

Gerðu góðverk í dag

907 2002

 **Hjálparstarf kirkjunnar**
www.help.is

Breiðholtsblaðið

**Auglýsingasími:
511 1188**

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Mikið úrval af íþróttavörum og leikföngum

Leiksport
Sími 5575020 **Hólagarði**



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. - Þriðjud. og Miðvikud. 12:00 til 15:00

Fimmtudaga 12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga 13:00 til 20:00

Laugardaga og Sunnudaga 13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00

840 þúsund krónum úthlutað úr Magnúsarsjóði

ÍR úthlutar 840.000 kr. úr menntunar- og afrekssjóði ÍR, Magnúsarsjóði og fór úthlutunin fram 11. nóvember sl. Að þessu sinni var úthlutað í þrjá flokka. Fyrsti flokkurinn féll undir sérstök verkefni en þar fékk Frjálsíþróttadeildin styrk vegna Ólympíuáætlunar sinnar. Deildin hefur sett sér háleit markmið og stefna á að verða með ÍR-inga á Ólympíuleikunum 2010.

I öðrum flokki var úthlutað til afrekssjóls. Þrjár deildir féllu þar undir; Skíðadeild vegna landsliðsungmennanna Stefáns Inga Jóhannssonar, Einars Kristins Kristgeirssonar og Jóhönnu Auðunsdóttur, Júdódeildin fékk styrk vegna Gísla Haraldssonar, Kjartans Magnússonar og Ásdísar Margrétar Ólafsdóttur en þau eru á leiðinni á alþjóðlegt mót í Danmörku og Körfuknattleiksdeildin fékk styrk vegna Daða Bergs Grétarssonar sem varð Norðurlandameistari í U-18 og er mikið efni í afreksmann. Í þriðja og síðasta flokknum fengu fjórir þjálf-



Styrkþegar ásamt forystumönnum úr ÍR.

arar styrki að þessu sinni. Það voru þau Erlendur Ísfeld, G. Pétur Guðmundsson, Fríða Rún Þórðardóttir og Gunnar Páll Jóakimsson en þau eru öllu á leiðinni erlendis á námskeið til að auka þekkingu sína hvað þjálfun varðar. Við ósk-

um ofantöldum aðilum innilega til hamingju og vonumst til að þessir styrkir verði til að efla þá enn frekar í starfi og verði um leið hvatning til annarra ÍR-inga.

Breiðholtsmótið er mjög mikilvægt

Annað Breiðholtsmót Frjálsíþróttadeildar ÍR í frjálsum íþróttum fór fram í Laugardalshöll dagana 19. til til 22. október sl. Alls voru 613 keppendur skráðir til leiks en keppt var í langstökki, kúluvarpi, 60 m hlaupi, 600 m hlaupi og boðhlaupi. Alls voru 2430 skráningar sem segir að flestir hafi tekið þátt í öllum einstaklingsgreinunum en á bilinu 60 til 99 keppendur tóku þátt í hverri grein. Ávallt var hörkukeppni í boðhlaupinu sem jafnan er síðasta grein hvers dags og þar var síðasta orkan notuð.

Það voru þó ekki bara keppendurnir sem höluðu inn stigin. Fyrirkomulagið er nefnilega þannig að með því að aðstoða við framkvæmd mótsins fást stig sem telja hratt í þeirri hörðu keppni sem ríkti milli skólanna. Öflugir starfmenn skipta ekki síður máli því ekkert væri mótið án öflugra

starfsmannanna. Ekki má gleyma öðrum aðilum sem létu mótið verða að veruleika; þar má fyrst telja okkar ómetanlegu Ingibjörgu Halldórsdóttur starfsmann hjá ÍR, nemendur í kennslufræði og lýðheilsufræðum við Háskólann í Reykjavík, sjálfbóðaliða frá Frjálsíþróttadeild ÍR, okkar og íþróttakennarana í skólunum. Einnig studdi ÍTR við bakið á deildinni fjárhagslega og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir þann stuðning.

Keppni og úrslit

Þeir sem urðu í top 10 sætunum í hverri grein í öllum aldursflokkum fengu viðurkenningar-skjal afhent á staðnum og boð um að æfa frítt með deildinni í heilan mánuð. Í framhaldinu er öllum velkomið að æfa frjálssar með deildinni, hver á sínum forsendum eins oft eða sjaldan eins og hverjum hentar. Eftir því var tek-

ið hversu vel nemendurnir stóðu sig bæði á keppnisgreinunum og í framkvæmd mótsins en síðast en ekki síst í umgengni og framkomu. Það er augljóst að Breiðholtsmótið er mjög mikilvægt fyrir ungmenntin sem taka þátt, fyrir frjálsar íþróttir, ÍR, Frjálsíþróttadeild ÍR, fyrir Breiðholtlið og fyrir nemana í HR. Það er því ljóst að deildin vill halda ótrauð áfram á þessum sömu nótum og stefnt er á þriðja Breiðholtsmótið í frjálsum haustið 2010 með alla þá reynslu í pokahorninu sem mótshaldarar hafa öðlast síðastliðin ár. Að lokum má geta þess að í stigakeppni milli skólanna var hart barist eins og áður er getið en að loknum fjórum keppnis-dögum stóðu ungmenntin í Seljaskóla upp sem sigurvegarar og hlutu titilinn Breiðholts-meistari í frjálsum annað árið í röð. Hér á eftir fara úrslitin í stigakeppni milli skólanna.

	4. Bekkur	5. Bekkur	6. Bekkur	7. Bekkur	Heildar Stig
Seljaskóli	855,5	802,5	937,5	986	3581,5
Breiðholtsskóli	758	676,5	675,5	391	2501
Fellaskóli	184,5	347	219	228	978,5
Hólabrekkuskóli				291	291

Annar flokkur haustmeistari KRR

Strákarnir okkar í 2. fl. karla í knattspyrnu gerðu sér lítið fyrir og unnu Fram í bráðskemmtilegum úrslitaleik á ÍR-velli þriðjudegininn 10. nóv sl. Aðstæður voru eins og þær verða bestar á þessum árstíma, logn og smá rigningarúði.

ÍR-ungir náðu forystunni og komust í 2-0 með mörkum frá þeim

Guðmundi G. Sveinssyni og Sindra Snæ Magnússyni áður en Framarar náðu að skora en þeir jöfnuðu skömmu fyrir leikslök. Gripið var til framlengingar en ekkert mark var skorað og þurfti að útkljá þennan skemmtilega leik í vítaspyrnukeppni. Það er skemmt frá því að segja að Brynjar markvörður okkar varði allt sem á markið kom og

varð því hetja liðsins ásamt öllum hinum að sjálfsögðu. Okkar menn spiluðu einum færra alla framlenginguna eftir að Sindri hafði fengið tvö gul í lok venjulegs leiktíma og eiga því hrós skilið fyrir frábæra frammistöðu. Við óskum strákunum innilega til hamingju og vonumst til þess að þeir haldi áfram á sömu braut í komandi átökum.

Knattspyrnudeildin gengur frá samningum

Knattspyrnudeild ÍR hefur endurnýjað samning sinn við Guðlaug Baldursson um að halda áfram að þjálfra m.fl. karla hjá ÍR.

Guðlaugur hefur verið hjá deildinni í tvö ár og var skrifað undir tveggja ára samning við hann. Einnig var gengið frá tveggja ára samning við Jakob Hallgeirsson en hann mun þjálfra 2. fl. karla næstu tvö árin en hann tekur við af Sigurði Þóri Þorsteinssyni. Hér má sjá þá Guðlaug og Jakob með Braga Björnssyni formanni meistaraflokksráðs og Eypóri Einarsyni formanni Knattspyrnudeildar ÍR.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Myndsími: 587 7081
Tölvupóstur: iradal@isholf.is
Heimasíða: irsida.is

ÍR Reykjavíkurmeistarar 5. flokki



Efri röð v. Victor, Guðbjartur, Eypór, Kristján, Pétur þjálfari og Hrannar Máni þjálfari. Neðri röð v. Einar, Sigurður, Ísak og Ingólfur.

ÍR strákarnir í 5. flokki karla í handbolta stóðu sig vel helgina 2.-4. október þar sem spilað var til úrslita á Reykjavíkurmótinu í Austurbergi. ÍR liðið keppti í A-, B- og C-liði. A-lið 5. flokks urðu Reykjavíkurmeistarar eftir mikla baráttu við KR 1 þar sem að staðan í hálfleik var 6-2, KR 1 í vil.

En ÍR strákarnir spýttu í lófana og unnu 10-9. B-lið 5. flokks endaði í 3. sæti eftir tvíframlangdan

leik á móti Fram og C-lið 5. flokks fékk silfur eftir tapleik á móti Fram 1. Það var Gróttumót helgina 16. til 18. október og vann ÍR 1 (eldra ár) 2. deildina og tryggðu sér þar með sæti meðal 5 bestu liðanna. Strákarnir eru að fara til Vestmannaeyja að keppa helgina 27. til 29. nóvember ásamt stelpunum í 5. flokki (eldra ár) og óskum við þeim góðs gengis.

Árlegt happdrætti hafið

Nú á dögnum hófst happdrætti ÍR enn og aftur göngu sína. Í ár er miðaverðinu stillt í hóf eða 1.000 kr. og aðeins er dregið úr seldum miðum. Upplagið er 3000 miðar og bundnar eru vonir við að selja þá alla.

Allar deildir og flokkar ÍR njóta góðs af að selja happdrættis-miðana og er þetta í raun og veru fjárfestun allra deilda ÍR þar sem allir þeir sem selja miða fá 300 kr. í sinn vasa af hverjum miða. Okkur langar að biðja ykk-



ur að taka vel á móti krökkunum ef þau birtast heima hjá ykkur að selja miða. Veglegir vinningar í boði, alls 41 talsins. Dregið verður úr seldum miðum 15. des. Styðjum við bakið á okkar íþróttafólki og kaupum happdræddismiða ÍR.

Þjónusta á skrifstofu ÍR

Eins og allir ÍR-ingar vita er starf allra deilda nú í fullum gangi. Nú hafa verið sendir út greiðsluseðlar til þeirra sem hafa ekki átt neitt eftir af Frístundakortinu sínu, eða ekki ráðstafað sínum iðkendagjöldum þar.

Okkur langar að biðja ykkur kærur ÍR-ingar sem enn eigið eftir að gera upp iðkendagjöldin að gera upp við viðkomandi deild sem allra fyrst. Ef einhver á inni einhvern hluta af Frístundakortinu fyrir árið 2009 (sem eru 25.000 kr.), eða jafnvel allt, getið þið haft samband við skrifstofuna (Elfu sími 587-7090) og hún aðstoðar við að greiða gjöldin í gegnum það. Einnig bjóðum við

Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Framkvæmdastjóri ÍR

Heimasíða ÍR
er
www.irsida.is



GETRAUNANÚMER ÍR ER 109



Klassi að vera í bíó
út af fyrir sig með teppi

HVERS VEGNA VELUR ÞÚ ICELANDAIR?

- Hver farþegi hefur sinn eigin skjá á sætisbakinu fyrir framan sig.
 - Fjölbreytt úrval kvikmynda, sjónvarpsþátta og annars efnis í nýju afþreyingarkerfi.
 - Teppi, koddar og blöð eru án endurgjalds.
-

Hjá Icelandair leggjum við metnað í góða þjónustu um borð



BERÐU SAMAN VERÐ OG ÞJÓNUSTU
NÆST ÞEGAR ÞÚ FLÝGUR